

LÖG

um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun lánastofnunar samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, er nefnist Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. Ákvæði laga nr. 123/1993 og laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til fjárfestingarbankans ef annað leiðir ekki af lögum þessum.

Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Hlutverk Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er að veita íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu. Fjárfestingarbankinn hefur með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hans.

3. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur 1. janúar 1998 við sem greiðslu á hlutafé skv. 4. gr. öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, öðrum en þeim sem ráðstafað er með öðrum hætti samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

4. gr.

Ríkissjóður er eigandi alls hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. við stofnun hans.

Viðskiptaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun fjárfestingarbankans sé eigi hærrí en sem nemur eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem rennur til fjárfestingarbankans skv. 3. gr. eins og það er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum sjóðanna fyrir árið 1996.

Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár í fjárfestingarbankanum. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Um aðgang nefndarinnar að gögnum og um þagnarskyldu nefndarmanna fer skv. 3. mgr. 20. gr. Ráðherra setur nefndarmönnum erindisbréf.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum fer fimm manna nefnd. Þar af skulu tveir menn skipaðir af iðnaðarráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, og tveir skulu skipaðir af sjávarútvegsráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipa einn mann sameiginlega.

6. gr.

Heimilt er að selja allt að 49% hlutfjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Skulu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra þegar eftir gildistöku laga þessara hefja undirbúning að sölu hlutfjár.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 123/1993, og ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög, gilda ekki um innborgun hlutfjár í fjárfestingarbankanum. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutfjár skv. 4. og 5. gr. laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995 gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

8. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. njóti hagstæðari kjarar en aðrir viðskiptamenn hans eða annarra sérstakra hlunninda í viðskiptum við hann vegna eignarhlutar síns.

9. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á þeim skuldbindingum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ríkisábyrgð er á við stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ábyrgð ríkissjóðs er með sama hætti og til hennar er stofnað og gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. umfram það sem kveðið er á um í þessari grein og í hlutfélagalögum.

10. gr.

Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага og ekki er boðið starf hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, skulu eiga kost á starfi hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá fjárfestingarbankanum, og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu.

11. gr.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, verður hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þegar hann tekur til starfa sem lánastofnun skv. 19. gr. laga þessara. Fjárfestingarbankinn tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtar með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur til starfa sem lánastofnun.

13. gr.

Nú er stjórnnum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs heimilt samkvæmt ákvæðum skuldabréfa að taka ákvarðanir um vaxtakjör þeirra, og er stjórn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þá heimilt að taka slíkar ákvarðanir eftir það tímamark sem greinir í 1. mgr. 19. gr. laganna.

14. gr.

Reikningseining Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ), sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 277/1991, með síðari breytingum, skal frá og með 1. janúar 1998 vera samsett úr þeim gjaldmiðlum og í sömu hlutföllum innbyrðis og liggja til grundvallar skráningu Fiskveiðasjóðs Íslands á verðgildi reikningseiningarinnar 31. desember 1997. Skal frá þeim tíma beita reikningseiningunni svo samsettri við útreikning þeirra útlána sjóðsins sem tengd eru viðmiðun við reikningseininguna. Verðgildi erlendra gjaldmiðla skal vera samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands á opinberu viðmiðunargengi.

Stjórn fjárfestingarbankans skal í janúarmánuði 1998 auglýsa úr hvaða gjaldmiðlum reikningseiningin er samsett og í hvaða innbyrðis hlutföllum. Í sömu auglýsingu skal þeim lánþegum sem hlut eiga að máli gefinn kostur á uppgreiðslu lána eða endursamningum um viðmiðunargengi skulda sinna og má setja þeim frest í því skyni, eigi skemmri en átta vikur. Skilmálabreyting skal háð samþykki síðari veðhafa samkvæmt almennum reglum. Af skjölum sem varða slíka endursamninga skal ekki greiða stimpilgjald.

Vanskil lána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ) teljast alltaf í RFÍ, þ.e. þau halda gengis- og verðtryggingu fram til greiðsludags. Dráttarvextir á slíkum vanskilum skulu vera gildandi samningsvextir RFÍ-lána hverju sinni að viðbættu álagi sem nemur fjórðungi samningsvaxtanna. Dráttarvextir eru þá 1,25 sinnum samningsvextir á ári. Dráttarvextir reiknast sem dagvextir.

15. gr.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

16. gr.

Innköllun til lánardrottna Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs skal eigi gefin út.

17. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Um skattskyldu fjárfestingarbankans fer að öðru leyti eftir lögum um skattskyldu lánastofnana.

18. gr.

Þar sem Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði og Iðnþróunarsjóði er falið í lögum, sem í gildi verða eftir að fjárfestingarbankinn tekur til starfa sem lánastofnun, að sinna sérstökum verkefnum tekur Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. við þeim verkefnum eftir því sem við á.

19. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal taka til starfa sem lánastofnun 1. janúar 1998 er fjárfestingarbankinn tekur við eignum, skuldum og skuldbindingum skv. 3. gr. laga þessara. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu lagðir niður frá og með sama tímamarki og falla þá eftirtalin lög úr gildi:

1. Lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum.
2. Lög nr. 10/1984, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
3. Lög nr. 72/1985, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
4. Lög nr. 135/1989, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
5. Lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
6. Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
7. Lög nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Lög nr. 93/1986, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

Umboð stjórna sem skipaðar eru samkvæmt núgildandi lögum um Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð fellur niður á því tímamarki sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Stofna skal hlutafélagið Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júlí 1997. Á fundinum skal kjósa stjórn fjárfestingarbankans og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að hann hefur tekið til starfa sem lánastofnun, skv. 19. gr. laga þessara. Fram að því tímamarki sem tilgreint er í 1. mgr. 19. gr. skal Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína sem lánastofnun. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal hafa samráð við stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um samninga við starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs.

Stofnhlutafé Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verður ekki greitt til hans fyrr en 1. janúar 1998, sbr. 3. gr. laga þessara.

Frá stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og þar til hann tekur til starfa skv. 1. mgr. 19. gr. skal hann, þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu, hafa fullan aðgang að gögnum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórnendur og starfsmenn sjóðanna skulu veita stjórnendum og starfsmönnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. nauðsynlega aðstoð. Stjórnendur og starfsmenn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. eru bundnir af þagnarskyldu með sama hætti og stjórnendur og starfsmenn umræddra sjóða.

Allur kostnaður af stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. greiðist af honum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.***LÖG****um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

1. gr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó II. kafla.

2. gr.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.

Í starfsemi sinni er sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar.

3. gr.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefnunum sjálfum.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjäreign sína.

4. gr.

Í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sitja fimm menn og eru þeir skipaðir af viðskiptaráðherra til tveggja ára í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:

1. Stefnumótun og gerð starfsreglna sem staðfestar skulu af ráðherra.
2. Ráðning framkvæmdastjóra.